



VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR

Borgartúni 10-12

105 Reykjavík

4118500

vinnuskoli@vinnuskoli.is

www.vinnuskoli.is

Upplýsingar um sumarstörf: Sími: 4118500 - Fax: 4118505

Hlutverk Vinnuskóla Reykjavíkur er að skapa ungmennum í Reykjavík öruggt, hvetjandi og þroskandi atvinnuumhverfi yfir sumartímann og bæta líðan nemenda í **Atvinnutengdu námi** yfir vetrartímann. Vinnuskóli Reykjavíkur er einstakur útiskóli og einn stærsti vinnustaður landsins yfir sumarmánuðina.

Markmið Vinnuskóla Reykjavíkur eru að móta umhverfisverkefni í samstarfi við borgarstofnanir til að bæta borgarumhverfið, skapa skilning fyrir verðmætum sem eru í umhverfinu og áhuga á að fræðast um borgina.

Öll fræðsla til nemenda fer fram á vettvangi. Sérstök áhersla verður lögð á að vinna með hverfisvitund og sérstöðu og samstarf innan hverfa. Nemendur með fatlanir vinna í almennum vinnuskólahópum.

VINNU- og LAUNATÍMI

Nemenda í 8. bekk, 14 ára á árinu er 3,5 tímar á dag í 5 vikur á 8 vikna tímabili.

Nemenda í 9. bekk, 15 ára á árinu er 7,0 tímar á dag í 5 vikur á 8 vikna tímabili.

Nemenda í 10. bekk, 16 ára á árinu er 7,0 tímar á dag í 6 vikur á 9 vikna tímabili.

Launatímabil nemenda miðast hér eftir við launatímabil borgarstarfsmanna sem er frá 11. til 10. hvers mánaðar. Þetta hefur í för með sér að greiðslur til nemenda dreifast lengur fram eftir sumrinu.

Nemendur fylgja sínum skólaárgangi. Allir nemendur Vinnuskóla Reykjavíkur velja sér 3 vikur í sumarfrí.

HELSTU VERKEFNI

14 ára - Vinna á skólalóðum og opnum svæðum við að prýða borgina.

15 ára - Vinna við uppgræðslu í útmörk og garðaumhirðu fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja.

16 ára - Vinna við viðhald og gróðurumhirðu á opnum svæðum og á stofnanalóðum borgarinnar.

Til viðbótar við ofangreint eru mörg þróunarverkefni í gangi sem dreifast milli árganga og hverfa borgarinnar.

FRÆÐSLA

Fræðsla Vinnuskóla Reykjavíkur er fjölbreytt. Aðaláherslan er lögð á að veita nemendum fræðslu á vettvangi og tengist hún lífsleikni og umhverfisáherslum.

LAUN

Sumarið 2008 verður tímakaup nemenda eftirfarandi:

Nemendur í 8. bekk fá kr. 324 á tímann

Nemendur í 9. bekk fá kr. 365 á tímann

Nemendur í 10. bekk fá kr. 486 á tímann

SKRÁNING

Athygli nemenda er vakin á því að skráning í sumarstarf er rafræn í gegnum vefsíðu skólans. Skráningartíma lýkur 25. maí, 2008. Ekki er öruggt að þeir nemendur sem skrá sig eftir þann tíma geti hafið störf í upphafi starfstímabilsins.

Vinnuskóli Reykjavíkur reynir að tryggja öllum nemendum skólans vinnu þann hámarksvinnutíma sem er í boði, óski þeir eftir því.

Heimasíða Vinnuskólans er á slóð: www.vinnuskoli.is

